

Fjármálaráðherra
Hr. Steingrímur J. Sigfússon
Fjármálaráðuneytið
Arnarhvoli
Reykjavík

Fyrirverandi ríkisstjórn fór þess á leit við undirritaða í nóvember 2008 að við tækjum að okkur að vera formenn stjórnna Nýja Glitnis h.f. annars vegar og Nýja Kaupþings h.f. hins vegar. Eftir nokkra umhugsun féllumst við á þessi tilmæli og þar með að leggja okkar að mörkum um endurreisn bankakerfisins á faglegum grundvelli. Samstarfið í stjórnnum bankanna s.l. þrjá mánuði hefur gengið vel og allir lagt sig fram um að ná sem mestum árangri.

Nú hefur ný ríkisstjórn tekið við völdum og við það verða eðlilega pólitískar áherslubreytingar og mannbreytingar. Aðalfundi bankanna ber að halda í aprílmánuði og þá þarf að kjósa nýjar stjórnir. Okkur er ljóst að í báðum stjórnarflokkunum eru uppi óskir um mannbreytingar í stjórnnum bankanna og á Alþingi í gær staðfesti forsætisráðherra að það væri til umræðu. Næstu vikur og mánuði þarf hins vegar að taka erfiðar ákvarðanir í bönkunum og mikilvægt að þeir sem taka þær ákvarðanir hafi til þess óskorað umboð og traust.

Eins og við greindum frá á fundi okkar 6. febrúar s.l þá teljum við þess vegna rétt, með hagsmunum bankanna í huga, að skapa nú þegar svigrúm til þeirra mannbreytinga sem ríkisstjórnin kys og segjum því hér með af okkur starfi í stjórnnum Nýja Glitnis h.f. og Nýja Kaupþings h.f.

Reykjavík 10. febrúar 2009.

Með vinsemd og virðingu


Magnús Gunnarsson


Valur Valsson